

Býli	% af arði
Baldursheimur I	0 487
Baldursheimur II	0 163
Þórólfshvoll	0 650
Heiði	0 135
Bjarnastaðir	0 135

Arðskrá þessi staðfestist samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 21. júní 1971.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

S A M Þ Y K K T

fyrir Veiðifélag Stóru-Langadalsár og Setbergsár.

1. gr.

Félagið heitir Veiðifélag Stóru-Langadalsár og Setbergsár. Heimili þess og varnarþing er á Skógarströnd.

2. gr.

Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að Stóru-Langadalsá og Setbergsá, en þær eru Narfeyri, Ytri-Leiti, Stóri-Langidalur, Klettakot, Haukabrekka, Klungurbrekka, Litli-Langidalur, Setberg og Ós.

3. gr.

Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu, og að leigja það til stangaveiði. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu.

4. gr.

Stjórn félagsins skipa þrjú menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl þannig, að formaður gengur út eftir eitt ár, annar meðstjórnandinn eftir tvö ár, og hinn eftir þrjú ár, og helzt svo sama röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan endurkosningu, nema sérstök forföll hamli, eða að hann hafi verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn, þannig að annar varamaðurinn og annar endurskoðandinn gangi út annað árið, og hinir hitt árið.

5. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma, og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum.

Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki, og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

6. gr.

Aðalfund skal halda fyrir lok apríl ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.

7. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá, fundargerðir og bréf.

8. gr.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

9. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt XVI. kafla laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 21. júní 1971.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

REGLUGERÐ

um heimilisþjónustu fyrir aldraða.

1. gr.

Aðstoð sú, sem öldruðu fólki er veitt í heimahúsum á vegum sveitarfélaga samkvæmt lögum um heimilishjálp í viðlögum (l. nr. 10/1952 sbr. l. nr. 58/1963) nefnist heimilisþjónusta og konur þær, sem aðstoðina annast, nefnast þjónustur.

2. gr.

Sveitarstjórnnum er heimilt að koma á fót og starfrækja heimilisþjónustu hver í sínu sveitarfélagi. Einnig er sveitarfélögum heimilt að sameinast um slíka starfsemi.

Fela má framkvæmd heimilisþjónustunnar félagi eða stofnun undir yfirstjórn sveitarstjórnar.

3. gr.

Hlutverk heimilisþjónustu er að veita ellilífeyrisþegum aðstoð og umönnun, þegar þeir vegna veikinda eða af öðrum ástæðum geta ekki séð um sig sjálfir og þarfnast aðstoðar til þess að geta dvalið í heimahúsum.

Hversu lengi aðstoðin er veitt fer eftir aðstæðum í hverju tilfelli samkvæmt mati stjórnanda heimilisþjónustunnar.

4. gr.

Umsókn um heimilisþjónustu skal fylgja vottorð læknis um heilsufar umsækjanda.